

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag Krýsuvíkur.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 18. desember 2008 nýtt deiliskipulag Krýsuvíkur í Hafnarfirði. Í deiliskipulaginu felst að afmörkuð er lóð fyrir stjórnauðhugunarstöð sem er 1.650 m². Gert er ráð fyrir einnar hæðar húsi allt að 250 m² og turni með hvolfpaki allt að 13,5 m háum.

Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og bárust engar athugasemdir. Deiliskipulagsbreytingin var yfirfarin af Skipulagsstofnun sem gerði athugasemdir, og er skipulagið hér auglýst með þeim athugasemdum og grein gerð fyrir því hvernig brugðist er við þeim.

1. Skipulagsstofnun bendir á að byggingarreitur stjórnauðhugunarstöðvarinnar liggja fast að hverfisvernduðu svæði og um 70 m frá Grænavatni.

Svar: Bætt hefur verið í skilmálana að leyfi Umhverfisstofnunar þurfi að liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

2. Í bréfi Skipulagsstofnunar segir að umsögn Umhverfisstofnunar varðandi aðalskipulag Hafnarfjarðar hluti Krýsuvíkur liggja ekki fyrir og að umsögn stjórnar Reykjanesfólkvangs um deiliskipulagið liggja ekki fyrir.

Svar: Báðar þessar umsagnir liggja fyrir og hafa verið sendar Skipulagsstofnun.

3. Skipulagsstofnun bendir á að heildarstærð skipulagssvæðisins sé ekki tilgreind.

Svar: Þessu hefur verið bætt inn á uppdráttinn.

4. Skipulagsstofnun bendir á að fjarlægð byggingarreits stjórnauðhugunarstöðvarinnar frá vegi sé ekki í samræmi við 7. mgr. 4.16.2 gr. skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Svar: Krýsuvíkurvegur er í aðalskipulagi Hafnarfjarðar skilgreindur sem tengibraut, en ekki hannaður sem tengibrautir almennt. Hafnarfjarðarkaupstaður styðst við undantekningarheimild reglugerðarinnar og setur byggingarreitinn 50 metra frá veginum.

5. Skipulagsstofnun telur að ferðaþjónusta eigi ekki heima á svæðum fyrir þjónustustofnanir. Einnig að notkunin sé í ósamræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar.

Svar: Ekki verður fallist á þessa umsögn Skipulagsstofnunar. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar, hluti Krýsuvíkur, er víða talað um ferðaþjónustu á Krýsuvíkursvæðinu. Telja verður að ferðaþjónusta á svæðinu sé í fullu samræmi við grein 4.3. í skipulagsreglugerð, og verður ekki séð að neitt mæli á móti því að ferðaþjónusta sé á svæðum fyrir þjónustustofnanir.

6. Skipulagsstofnun segir að gera þurfi grein fyrir hvort fornminjar séu á svæðinu, ef svo er skuli merkja þær inn á uppdrátt og leita umsagnar Fornleifaverndar ríkisins.

Svar: Fornleifaskráning fyrir Krýsuvík liggur fyrir, ódagsett í desember 1998, og kemur þar fram að engar fornminjar séu á deiliskipulagssvæðinu.

7. Loks telur Skipulagsstofnun að skilmálar fyrir núverandi byggingu/fjós séu ófullnægjandi.

Svar: Bætt hefur verið í skilmálana að núverandi bygging (fjósíð) verði endurnýjuð í *óbreyttri mynd*.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 2. mars 2009,

Bjarki Jóhannesson, skipulags- og byggingarfulltrúi.